


M y n d 1 .




Mynd 1. Á þessari mynd er konunum skipt niður í þrjá hópa (súlur). Í fyrstu súlu eru þær, sem eiga börn á aldrinum 0-6 ára og e.t.v. eldri. Í annarri súlu eru þær, sem eiga börn 7-12 ára, ekki yngri, en e.t.v. eldri. Í þriðju súlunni eru þær, sem ekki eiga börn á aldrinum 0-12 ára.

Reitir með punktum tákna konur, sem vinna eingöngu heimilisstörf. Efri skástrikaðir reitir tákna þær, sem taka vinnu heim. Þverstrikaðir reitir tákna þær, sem vinna hluta úr ári úti. Langstrikaðir reitir tákna þær, sem vinna hluta úr degi úti og neðstu skástrikuðu reitirnir eru þær, sem vinna fullt starf utan heimilis.




Mynd 2.



Mynd 2. Sama hópskipting og á mynd 1, en hér eru störf þeirra táknuð með %. (Að öðru leyti sömu skýringar og við mynd 1. )



Mynd 3.



Mynd 3. Þessi mynd á að gefa yfirsýn yfir, hve mikill hluti kvenna vinnur úti að einhverju leyti (fullan vinnudag eða hluta úr starfi); hve stór hluti vildi vinna úti, ef þær hefðu örugga gæzlu fyrir börn sín; hverjar hafa ekki áhuga og loks þær óákveðnu.



M y n d 4 .



Mynd 4. Húsið til vinstri á að tákna dagheimilið við Hábraut. Þarna sjást þau 12 börn, sem þær 8 konur eiga, sem í könnuninni sögðust hafa þar pláss fyrir börn sín. Opnunar- og lokunartími hentar ekki 5 af þessum börnum.

Húsið til hægri táknar leikskólana tvo í bænum. Þarna sjást 11 börn þeirra 7 kvenna, sem sögðust vinna úti hluta úr degi og hefðu börn sín í leikskóla á meðan. 8 þeirra barna vildu gjarnan vera lengur á leikskólanum.




M y n d 5 .



Mynd 5. Hér eru 5 hús með þeim 50 börnum undir 6 ára aldri, sem þegar vinna úti, eiga, en hafa ekki pláss fyrir á dagheimili eða leikskóla. Ef við margföldum þennan fjölda með 5 (sbr. útskýringu í skýrslunni), kemur út, að í bænum vanti 250 pláss fyrir börn kvenna, sem þegar vinna úti.




M y n d 6 .



Mynd 6. Hér eru 118 börn 78 kvenna, sem vildu vinna utan heimilis, ef þær hefðu örugga gæzlu fyrir börnin. (Töluna má margfalda með 5, sbr. útskýringu í skýrslunni.)



Mynd 7.



Mynd 7. Hér er reynt að sýna, hvaða áhrif börn á barnaskólaaldri hafa á möguleika móður til vinnu utan heimilis.



M y n d 8 .

ALDUR OG MENNTUN			
	f. '20-'29	f. '30-'39	f. '40-'50
Skyldunám	47%	32%	33%
Gagnfræðapróf	22%	42%	41%
Stúdentspr. Kennarapr. o.fl.	7%	9%	9%
Háskólanám	5%	3%	4%
Hjúkrun, iðnnám o.fl.	7%	3%	5%
Húsmæðraskóli eða námskeið	12%	11%	8%
	100% = 91	100% = 134	100% = 102

Mynd 8. Hér er konunum skipt í þrjá aldursflokka (lóðréttir dálkar). Í fyrsta dálki eru konur, sem nú eru á aldrinum 40-50 ára, í öðrum dálki eru þær, sem eru 30-40 ára og í aftasta dálki þær, sem eru 20-30 ára.

Í láréttum dálkum er menntun þeirra. Í efsta dálknum "skyldunám", eru einnig þær, sem ekki hafa lokið skyldunámi. Undir "stúdentspr., kennarapr.o.fl." er einnig samvinnuskólapróf og verzlunarskólapróf. Í "háskólanám" eru einnig þær með, sem stundað hafa eitthvert háskólanám, en ekki lokið því. Í "hjúkrun, iðnnám o.fl." eru t.d. með ljósmæður, sjúkraliðar og gæzlusystur.




M y n d 9 .

ÚTIVINNA OG ALDUR			
	Fullt starf	hálf starf	ekki
f. 1920-'29	13%	29%	58%
f. 1930-'39	11%	20%	69%
f. 1940-'50	25%	17%	58%

Mynd 9. Sama aldursflokkaskipting og á mynd 8 (nú lárétt). Í fyrsta dálki lóðrétt eru þær, sem vinna fullt starf utan heimilis, í öðrum dálki þær, sem vinna hálf starf úti og í aftasta dálki þær, sem vinna eingöngu heimilisstörf.





Mynd lo. Þessi mynd á að sýna, að hve miklu leyti konur nýta nám sitt í atvinnulífinu. Sama námsskipting og á mynd 9.